



Alþingi
Erindi nr. P 132/788
komudagur 9.2.2006

Reykjavík, 6. febrúar 2006.

Nefndasvið Alþingis,
Menntamálanefnd,
Austurstræti 8-10,
150 Reykjavík.

Þingskjal 42, frumvarp um textun á sjónvarpsefni, kvikmyndum o.fl.
Sendandi: Félagið Heyrnarhjálp.

Félagið Heyrnarhjálp fagnar framkomnu frumvarpi um textun á íslensku efni í sjónvarpi, kvikmyndum o.fl.

Frumvarpið tekur á miklu réttlætismáli fyrir stóran hóp fólks í þessu landi. Við minnum á Textaþing, sem Félagið Heyrnarhjálp átti frumkvæði að og stóð fyrir í samvinnu við Félag Heyrnarlausra, Landsamband eldri borgara, Foreldrafélag heyrnarlausra og heyrnarkertra barna og fjölmeningarráð. Ráðstefna þessi var haldin síðla árs 2002. Hún vakti mikla athygli og hefur skilað einhverjum árangri.

Enn erum við þó langt á eftir okkar viðmiðunarlöndum í textunarmálum og því mikið fagnaðarefni að Alþingi taki frumvarpið til umfjöllunar nú. RÚV sjónvarp, er enn sem komið er, eini aðilinn sem textar íslenskt efni. Er sú textun mjög takmörkuð og aldrei á fréttir og beinar útsendingar. Aðrar stöðvar texta ekki íslenskt efni og framleiðendur íslenskra kvikmynda halda að sér höndum, þrátt fyrir aðgengilega tækni.

Frumvarpið virðist vel samið og skýrt. Tilgreint er gildissvið, aðlögunartími, textunarsjóður og viðurlög við vanrækslu. Er það von Félagsins Heyrnarhjálp að frumvarpið fái jákvæða afgreiðslu á þinginu og að þingmenn allra flokka standi saman að þessu réttlætismáli.

Ábending varðandi grein 2 um gildissvið. Við erum vön að sjá fyrir okkur texta í sjónvarpi og kvikmyndum. Texti eða textunarbund hefur víða bætt aðgengi m.a. í Íslensku óperunni um nokkurt skeið. Í þessu frumvarpi er ekkert minnst á að leikhús, tónleikahús og óperuhús hafi skyldur um að koma efni sínu til skila til þeirra sem heyra illa. Textunarbund eins og sett er á söngtexta í íslensku óperunni mundi gera óperur, leiksýningar og tónleika mun aðgengilegri fyrir umrætt fólk. Hér er um afþreyingarefni að ræða sem fellur undir 1. grein um markmið frumvarpsins.

Að lokum vil ég þakka flutningsmönnum fyrir þarft þingmál og endurtek von félagsins um samstöðu allra flokka að sanngjarnri réttarbót.

Virðingarfyllst.

f.h. Félagsins Heyrnarhjálp,

Málfríður Gunnarsdóttir, framkvæmdastjóri